

- 165** 17. H.f. Berg, Hafnarfirði.
 18. — Draupnir, Bildudal.
 19. Eyjaprentsmiðjan h.f., Vestmannaeyjum.
 20. Fiskiveiðahlutafélagið Freyja, Reykjavík.
 21. Fiskiveiðahlutafélagið Sindri, Reykjavík.

166**FIRMNATILKYNNINGAR**

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1932:

I. Reykjavík:

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að forstjóra Sigurði Jónasyni veitist hér með prókúruumboð fyrir Tóbakseinkasölu ríkisins, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Fjármálaráðuneytið, 28. desbr. 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

 Gísli Ísleifsson.

Sigurður Jónasson undirritar þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Tóbakseinkasala ríkisins

Sig. Jónasson.

2. Ég undirritaður Hallur Jónsson, bakameistari, Frakkastíg 12, hér í bæ, gef hér með ungfrú Þórunni Jónsdóttur, Laugavegi 64, umboð sem prókúruhafa fyrir mig, og hefir hún öll réttindi prókúruhafa samkv. lögum nr. 42, 13. nóv. 1903. Hefir hún ein rétt til prókúruumboðsins og undirritar þannig:

p. p. Hallur Jónsson

Þórunn Jónsdóttir.

Reykjavík, 27. jan. 1932.

Hallur Jónsson.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Árni Einarsson, kaupm., Laugav. 27 B og Tryggvi L. Kristjánsson, Vesturgötu 57, Rvík, rekum umboðs- og heildverzlun hér í bænum undir firmanafninu Árni Einarsson & Tryggvi. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð. Hvor okkar um sig ritar firmað þannig:

Árni Einarsson & Tryggvi.

Reykjavík, 1. febr. 1932.

Árni Einarsson.

Tryggvi L. Kristjánsson.

4. Við undirritaðir, Hans Hansen, Laugavegi 163, Guðni Jónsson, Nönnugötu 4, og Sigurður Sveinbjörnsson, Laugavegi 147, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum járnsmiða- og vélaverkstæði hér í bænum undir firmanafninu Nýja vélsmiðjan. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð. Firmað rita einhverjir tveir af eigendum firmans saman. Firmaritun:

Nýja vélsmiðjan

Hans Hansen. Guðni Jónsson.

Nýja vélsmiðjan

Hans Hansen. Sigurður Sveinbjörnsson.

Nýja vélsmiðjan

Guðni Jónsson. Sigurður Sveinbjörnsson.

Reykjavík, 29. jan. 1932.

Hans Hansen. Guðni Jónsson.

Sigurður Sveinbjörnsson.

5. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að hinn 2. jan. 1932 seldi Halldór Hallgrímsson sinn hluta í firmanu Andersen & Lauth, Harald O. Andersen. Frá sama tíma er Halldór að fullu genginn úr firmanu.

Reykjavík, 23. janúar 1932.

H. O. Andersen.

Halldór Hallgrímsson.

Samkvæmt ofanrituðu rek ég undirritaður Harald O. Andersen firmað Andersen & Lauth með ótakmarkaðri ábyrgð sem einkaeigandi.

Firmað rita ég þannig:

Andersen & Lauth

H. O. Andersen.

Reykjavík, 23. janúar 1932.

H. O. Andersen.

6. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar, sem er móttekin 16. jan. 1932, er skrásett: Kaupfélag Reykjavíkur. Dagsetn.samb. er 23. okt. 1931. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Tilgangur: 1) Að kaupa í sameiningu handa félagsmönnum og framleiða góðar vörur, og selja þær eins ódýrt og atvik leyfa. 2) Að sporna við skuldaverzlun og óreiðu í viðskiptum, meðal annars með því að veita viðskiptamönnum aldrei gjaldfrest. 3) Að safna sjóðum til tryggingar fyrir framtíð félagsins. 4) Að efla þekkingu manna á samvinnufélagsskap og viðskiptamálum. Heimilt er einnig að verzla við utanfélagsmenn. Félaginu skal aflað rekstursfjár með framlögum frá meðlimum í stofnsjóð, myndun varasjóðs og annara óskiptilegra tryggingarsjóða og með lántökum gegn ábyrgð félagsmanna, sem er takmörkuð sjálfskuldarábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins, allt að kr. 300,00

166

á hvern félagsmann, auk inneignar í stofnsjóði. Inntökugjald í félagið er 10 kr., auk þess 100 kr. í stofnsjóð. Heimilt er þó stjórn félagsins að samþykkja inntöku manns, þótt eigi greiði hann meira en 50 kr. er hann gengur inn, ef hann skuldbindur sig til að greiða eftirstöðvarnar innan tveggja ára. Fundi félagsins skal boða skriflega með 10 daga fyrirvara og auk þess skulu þeir auglýsast a. m. k. í tveimur dagblöðum bæjarins. Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og 3 varamönnum. Þeir skulu vera félagar. Stjórnin kýs úr sínum flokki formann og varaformann, einnig ræður hún framkvæmdarstjóra og má hann ekki jafnframt vera í stjórn félagsins. Firmað rita tveir stjórnendur saman og auk þess framkvæmdarstjóri sem prókúruhafi. Stjórnendur: Eysteinn Jónsson, skattstjóri, formaður, Theodor Líndal, hrm., varaformaður. Meðstjórnendur: Pálmi Hannesson, rektor, Hannes Jónsson, dýralæknir og Helgi Lárusson, bókarí, allir til heimilis í Reykjavík. Varastjórn: Ísleifur Árnason, fulltr., Rvík, Guðmundur Kr. Guðmundsson, skrifstofustj., Rvík, og Guðbrandur Magnússon, forstjóri, Rvík.

Reykjavík, 16. jan. 1932.

Eysteinn Jónsson. Helgi Lárusson. Hannes Jónsson.
Pálmi Hannesson. Th. B. Líndal.

Firmarritun:

Kaupfélag Reykjavíkur
Eysteinn Jónsson. Th. B. Líndal.
Kaufélag Reykjavíkur
Eysteinn Jónsson. Pálmi Hannesson.
Kaufélag Reykjavíkur
Eysteinn Jónsson. Hannes Jónsson.
Kaufélag Reykjavíkur
Eysteinn Jónsson. Helgi Lárusson.
Kaufélag Reykjavíkur
Th. B. Líndal. Hannes Jónsson.
Kaufélag Reykjavíkur
Th. B. Líndal. Helgi Lárusson.
Kaufélag Reykjavíkur
Th. B. Líndal. Pálmi Hannesson.
Kaufélag Reykjavíkur
Pálmi Hannesson. Hannes Jónsson.
Kaufélag Reykjavíkur
Pálmi Hannesson. Helgi Lárusson.
Kaufélag Reykjavíkur
Hannes Jónsson. Helgi Lárusson.

Varastjórnendur undirrita nöfn sín:

G. Kr. Guðmundsson. Ísleifur Árnason. Guðbrandur Magnússon.

7. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Magnús J. Brynjólfsson, Bárugötu 10 í Rvík, rek verzlun hér í bænum með leður og skinn og aðrar skyldar vörur, og allt til skó- og söðlasmiðis. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Leðurverzlun Jóns Brynjólfssonar“. Firmað rita ég einn, og rita það þannig:

„Leðurverzlun Jóns Brynjólfssonar“

Magnús J. Brynjólfsson.

Reykjavík, 30. janúar 1932.

Magnús J. Brynjólfsson.

Það vottast hér með, að við sölu og afhendingu verzlunar minnar, „Leðurverzlun Jóns Brynjólfssonar“, til Magnúsar sonar míns, var nafn verzlunarinnar innifalið í söluverðinu.

Reykjavík, 1. febr. 1932.

Jón Brynjólfsson.

8. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Einar Björnsson er genginn úr firmanu Jón Björnsson & Co., og verður firmað hér eftir einkaeign mín undirritaðs, sem mun reka það áfram undir nafninu Jón Björnsson & Co., eins og verið hefir hingað til.

Reykjavík, 1. febrúar 1932.

Jón Björnsson.

Samþykktur ofanrituðu.

Reykjavík, 1. febrúar 1932.

Einar Björnsson.

9. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir höfum selt hr. Guðjóni Bjarnasyni, Bergstaðastr. 66, hér, Verzlunina „Austurhlíð“, samkv. kaupsamn. dags. 29. jan. 1932, og berum við enga ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar frá þeim tíma.

Reykjavík, 3. febr. 1932.

Porv. Jónsson. Jón G. Jónsson.

Samkvæmt framanskraðu hefi ég undirritaður keypt Verzlunina „Austurhlíð“ og rek hana eftirleiðis einn undir sama firmanafni sem fullábyrgur eigandi. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Austurhlíð

Guðj. Bjarnason.

Reykjavík, 3. febr. 1932.

Guðj. Bjarnason.

- 166 10. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að hr. Guðmundur Elisson, Njálsgötu 5, hefir fengið prókúruumboð fyrir firmað Þórður Sveinsson & Co. Hann ritar firmað þannig:

p. p. Þórður Sveinsson & Co.

Guðm. Elisson.

Reykjavík, 1. febrúar 1932.

Björn Ólafsson.

11. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek umboðssöluverzlun hér í bænum undir firmanafninu Remedia. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Remedia

Halldór Kjartansson.

Reykjavík, 9. marz 1932.

Halldór Kjartansson, Laugavegi 7, Reykjavík.

12. Ég undirritaður leyfi mér hérmeð að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi í dag gengið úr firmanu Verzlunin „Óðinn“ í Rvík, og er prókúruumboð mitt hér með afturkallað.

Reykjavík, 13. febr. 1932.

Sig. Guðmundsson.

Samkvæmt ofanrituðu erum við undirritaðir nú orðnir einir eigendur firmans Verzlunin „Óðinn“ í Rvík, og prókúruumboð hr. Sigurðar Guðmundssonar niður fallið. Rekur við firmað áfram með ótakmarkaðri ábyrgð. Undirskrift beggja er nauðsynleg til að skuldbinda firmað.

Firmað ritum við þannig:

Verzlunin Óðinn

Óskar Jónasson, Ívar Jónsson.

Reykjavík, 13. febr. 1932.

Óskar Jónasson, Ívar Jónsson.

13. Við undirritaðir, Sveinn Jónsson kaupm., Þvergötu 5 Rvík, og Stefán Már Benediktsson, Stýrimannastíg 10 Rvík, gerum með okkur svo hljóðandi samning: Með því að undirritaður, Sveinn Jónsson, tekur að sér að greiða sem sína skuld allar skuldbindingar fyrir Verzlunina Havana“, Austurstræti 4 hér í bæ, þá lýsi ég meðundirritaður Stefán Már Benediktsson því hér með yfir, að téður Sveinn er orðinn eigandi að mínum hluta af eignum téðrar verzlunar, og er rekstur hennar með óviðkomandi frá þessum degi að telja.

Ofanrituðu til staðfestingar undirritum við nöfn okkar.

Reykjavík, 12. febr. 1932.

Sveinn Jónsson. S. M. Benediktsson.

14. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Þórsteinn Bjarnason, Smiðjustíg 7, og Jóhannes Þorsteinsson, Laugavegi 81, rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð, vinnustofu og verzlun hér í bænum undir firmanafninu Körfugerðin. Við hvor um sig höfum rétt til að rita firmað or ritum það þannig:

Körfugerðin
 Þórsteinn Bjarnason.
 Körfugerðin
 Jóhannes Þorsteinsson.
 Reykjavík, 4. marz 1932.
 Þórsteinn Bjarnason. Jóhannes Þorsteinsson.

15. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek smásöluverzlun hér í bænum undir firmanafninu Verzlunin Ægir. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Verzlunin Ægir
 Hendrikka Waage.
 Prókúruumboð fyrir verzlunina hefi ég veitt Valdimar Hannessyni, Laugav. 81, og ritar hann firmað þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Verzlunin Ægir
 Valdimar Hannesson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð það, er Kristján Guðmundsson hefir haft fyrir verzlun mína á Vesturgötu 35.

Reykjavík, 22. febr. 1932.
 Hendrikka Waage.

16. Til firmaskrár Reykjavíkur tilkynnist, að ég undirritaður, Sveinn Jónsson, hefi selt Jóni Danielssyni Verzlunina Havana, Austurstræti 4, hinn 24. marz 1932. Samkvæmt ofanrituðu rek ég, meðundirritaður, Jón Danielsson, Verzlunina Havana sem einkaeigandi með fullri ábyrgð frá og með 24. marz 1932. Eldri skuldbindingar og kröfur á verzlunina og fyrri eiganda hennar, Svein Jónsson, eru mér óviðkomandi.

Firmað rita ég þannig:

Verzl. Havana
 Jón Danielsson.
 Reykjavík, 31. marz 1932.
 Sveinn Jónsson. Jón Danielsson.

17. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að Kári Sigurðsson er genginn úr firmanu Trésmiðjan Fjöltnir, og verður firmað hér eftir einkaeign

166

mín undirritaðs, sem mun reka það áfram undir sama firmanafni eins og verið hefir hingað til. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Trésmiðjan Fjölhir

S. Jónsson.

Reykjavík, 2. marz 1932.

Sigfús Jónsson.

Samþykkuð ofanrituðu.

Reykjavík, 2. marz 1932.

Kári Sigurðsson.

18. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Áslaug Guðmundsdóttir, Bókhöfundastíg 9, og Daniel Ólafsson, Skólavörðustíg 18, rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum undir firmanafninu Daniel Ólafsson s.f. Hvort okkar um sig hefir rétt til að rita firmað, en þó þarf undirskrift beggja, ef selja á fasteignir eða veðsetja eignir firmans.

Firmarritun:

Daniel Ólafsson s.f.

Áslaug Guðmundsdóttir.

Daniel Ólafsson s.f.

Daniel Ólafsson.

Daniel Ólafsson s.f.

Áslaug Guðmundsdóttir. Daniel Ólafsson.

Reykjavík, 26. marz 1932.

Áslaug Guðmundsdóttir. Daniel Ólafsson.

19. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum ferðaskrifstofu hér í bænum undir nafninu: „Ferðaskrifstofa Íslands“ (á ensku: Iceland Tourist Bureau“ og tilsvarendi á öðrum málum). Tilgangur skrifstofunnar er að skipuleggja ferðalög um Ísland, leiðbeina og greiða fyrir ferðamönnum, innlendum og útlendum, svo sem að útvega þeim með sanngjörnu verði farartæki og gistingu, og annað, er þeir þurfa, og enn fremur að útbreiða þekkingu á Íslandi erlendis. Skrifstofu þessa rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og hvor okkar um sig hefir rétt til að skuldbinda hana með undirskrift sinni þannig:

Ferðaskrifstofa Íslands

Einar Magnússon.

Ferðaskrifstofa Íslands

Vigfús Guðmundsson.

Reykjavík, 11. apríl 1932.

Einar Magnússon, kennari í Rvík.

Vigfús Guðmundsson, veitingam., Borgarnesi.

20. Hér með tilkynnist, að Eyjólfur Kolbeins er genginn úr sameignarfirmanu Verzlunin Skemman í Reykjavík frá 31. desember 1931, en meðeigandi, Bent Bjarnason, rekur eftirleiðis verzlunina einn á eigin ábyrgð, en með sama nafni. 166

Reykjavík, 13. apríl 1932.

Eyjólfur Kolbeins. Bent Bjarnason.

21. Undir firmanafninu Nic. Bjarnason & Smith rekum við undirritaðir skipa-afgreiðslu í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð.

Með yfirlýsingu dags. 1. apríl 1931 hefir hr. kaupmaður Nicolai Bjarnason í Reykjavík veitt samþykki sitt til þess að nafn hans sé notað á þennan hátt í firmanafninu, en án nokkurrar persónulegrar ábyrgðar fyrir hann. Nafn firmans ritum við báðir sameiginlega þannig:

Nic. Bjarnason & Smith

Paul Smith. Erling Smith.

En sem prókúruhafar ritum við hvor um sig:

p. p. Nic. Bjarnason & Smith
Paul Smith.

p. p. Nic. Bjarnason & Smith
Erling Smith.

Svo er um samið milli eigenda, að meðundirritaður, Paul Smith, hefir einn óafturkallanlegan rétt til að veita og afturkalla prókúru fyrir firmað.

Reykjavík, 26. marz 1932.

Paul Smith. Erling Smith.

22. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek nýlenduverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Aðalbúðin“.

Prókúruhafi verzlunarinnar er Sæm. Sæmundsson, Njálsgötu 48 A, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Aðalbúðin

Sæm. Sæmundsson.

Sjálfur rita ég firmað þannig:

Aðalbúðin

Ág. Ármann.

Reykjavík, 9. apríl 1932.

Ág. Ármann.

23. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Ragna Sigurðardóttir og Ingimar Sigurðsson, Lækjargötu 14, Rvík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun hér í bænum undir firmanafninu Flóra, með fræ, matjurtir, kranza, trjáplöntur, og allt, sem að garðyrkju lýtur.

166

Hvort okkar um sig hefir rétt til að rita firmað og gerum það þannig:

Flóra

Ingimar Sigurðsson.

Flóra

Ragna Sigurðardóttir.

Reykjavík, 14. apríl 1932.

Ragna Sigurðardóttir. Ingimar Sigurðsson.

24. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð veitingar ásamt allskonar smásölu á sælgæti og kökum (conditori), í Austurstræti 20 í Reykjavík, undir firmanafninu „Hressingarskálinn“.

Firmað rita ég einn þannig:

Hressingarskálinn

Björn Björnsson.

Reykjavík, 14. apríl 1932.

Björn Björnsson,

Vallarstræti 4, Rvík.

25. Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík, skammstafað: K. A. R.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Dagsetning samþykkt þess er 16. okt. 1931. Tilgangur: a) Að selja og útvega félagsmönnum nauðsynjavörur. b) Að vinna gegn lánsverzlun, þannig, að selja eingöngu gegn staðgreiðslu. c) Að efla þekkingu manna á samvinnufélagsskap. d) Að styðja og styrkja stéttabaráttu verkalýðsins. Heimilt er einnig að verzla við utanfélagsmenn. Félaginu skal afla rekstrarfjár með framlögum frá félagsmönnum í stofnsjóð, myndun varasjóða og annara óskiptilegra tryggingarsjóða og með lántökum gegn ábyrgð félagsstjórnarinnar. Ábyrgð félagsmanna er bundin við framlög þeirra, sem er kr. 50,00, fimmtíu krónur frá hverjum. Heimilt er þó stjórn félagsins að samþykkja inntöku manns, þótt eigi greiði hann meira en 25 kr., er hann gengur í félagið, ef hann skuldbindur sig til að greiða eftirstöðvarnar innan tveggja ára. Fundi félagsins skal boða, með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara, með auglýsingu í blöðum verkalýðsins í Reykjavík. Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og 2 varamönnum. Þeir skulu vera félagar. Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Einnig ræður hún framkvæmdarstjóra. Til þess að skuldbinda félagið þarf undirskrift þriggja stjórnenda þess. Stjórn félagsins skipa: Ingimar Jónsson, skólástj., Vitastíg 8, formaður. Meðstjórnendur: Eiríkur Snjólfsson, bifreiðastj., Vitastíg 14. Valgeir Magnússon, sjóm., Lokastíg 6. Gunnar Benediktsson, rithöf., Mímisvegi 2 og Sigurður Guðmundsson, verkam., Freyjugötu 1. Varastjórnandi: Sigurður Sæmundsson, verkam., Holtsgötu 31, Rvík.

Prókúruumboð fyrir félagið hefir Ásgeir Pétursson, verzl., Framnesvegi 8, Rvík. **166**

Reykjavík, 2. apríl 1932.

Ingimar Jónsson, Eiríkur Snjólfsón, Valgeir Magnússon,
Gunnar Benediktsson, Sigurður Guðmundsson.

Stjórnin ritar firmað þannig:

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Ingimar Jónsson, Gunnar Benediktsson, Valgeir Magnússon.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Ingimar Jónsson, Gunnar Benediktsson, Eiríkur Snjólfsón.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Ingimar Jónsson, Gunnar Benediktsson, Sigurður Guðmundsson.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Ingimar Jónsson, Valgeir Magnússon, Eiríkur Snjólfsón.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Gunnar Benediktsson, Valgeir Magnússon, Sigurður Guðmundsson.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Gunnar Benediktsson, Eiríkur Snjólfsón, Sigurður Guðmundsson.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Valgeir Magnússon, Eiríkur Snjólfsón, Sigurður Guðmundsson.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Ingimar Jónsson, Valgeir Magnússon, Sigurður Guðmundsson.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Ingimar Jónsson, Eiríkur Snjólfsón, Sigurður Guðmundsson.

Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Gunnar Benediktsson, Valgeir Magnússon, Eiríkur Snjólfsón.

Prókúruhafi undirritar:

pr. pr. Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík

Ásgeir Pétursson.

26. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð Jakobína Magnúsdóttir, Skólavörðustíg 13, rek verzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Verzlunin „Sjöfn“. Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin „Sjöfn“

Jakobína Magnúsdóttir.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefir Arndís Andrésdóttir, Framnesvegi 38, Rvík, og ritar hún þannig:

p. p. Verzlunin „Sjöfn“

Arndís Andrésdóttir.

pt. Univ: Coll: Hospital, London, 15. 3. 1932.

Jakobína Magnúsdóttir.

- 166 27. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að eg undirritaður Guðmundur Guðmundsson, Laufásvegi 2, rek með ótakmarkaðri ábyrgð smá-söluverzlun hér í bænum, undir firmanafninu Verzlunin „Svala“. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin „Svala“
Guðm. Guðmundsson.
Reykjavík, 5. febr. 1932.
Guðm. Guðmundsson.

28. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem Ásgeiri Péturssyni var á sínum tíma veitt fyrir Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík, afturkallast hér með frá deginum í dag að telja. Frá sama tíma hefir Þorvaldur Jónsson, verzm., Grettisgötu 37, prókúru fyrir félagið og skrifar hann hana þannig:

pr. pr. Kaupfélag Alþýðu
Þ. Jónsson.
Reykjavík, 22. maí 1932.
Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík.
Ingimar Jónsson. Eiríkur Snjólfsson. Valgeir Magnússon.

29. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem ég á sínum tíma gaf hr. kaupm. Carl Proppé, fyrir firma mitt Ölgerðin Egill Skallagrímsson, afturkallast hér með.

Reykjavík, 24. maí 1932.
Tómas Tómasson.

30. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir höfum myndað sameignarfélag í þeim tilgangi að reka skóverzlun hér í bænum, hefir faðir okkar afhent okkur verzlun sína, og rekum við hana eftirleiðis fyrir eigin reikning og á okkar ábyrgð undir firmanafninu „Jón Stefánsson, skóverzlun“. Hver okkar um sig hefir rétt til að rita firmað viðvíkjandi daglegum rekstri, og ritum við það þannig:

Jón Stefánsson, skóverzlun
Stefán Jónsson.
Jón Stefánsson, skóverzlun
Óskar Jónsson.
Jón Stefánsson, skóverzlun
Gunnar Jónsson.

Til að skuldbinda firmað út á við, samþykkja víxla, selja og veðsetja

eignir eða taka lán, þarf undirskrift tveggja meðeigenda, er þá rita firmað þannig: **166**

Jón Stefánsson, skóverzlun
 Stefán Jónsson. Gunnar Jónsson.
 Jón Stefánsson, skóverzlun
 Stefán Jónsson. Óskar Jónsson.
 Jón Stefánsson, skóverzlun
 Gunnar Jónsson. Óskar Jónsson.
 Reykjavík, 30. apríl 1932.
 Stefán Jónsson, Álfheimum við Laugaveg.
 Gunnar Jónsson, Grettisgötu 66.
 Óskar Jónsson, Laugavegi 17.

Samkvæmt ofanrituðu er ég því samþykkur, að synir mínir, Stefán, Gunnar og Óskar, reki hér í bænum skóverzlun undir firmanafninu „Jón Stefánsson, skóverzlun“.

Reykjavík, 30. apríl 1932.
 Jón Stefánsson.

31. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð, Guðrún Eyleifsdóttir, Frakkastíg 26, rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Nýja búðin“.

Ég rita firmað þannig:

Nýja búðin

Guðrún Eyleifsdóttir.

Prókúruumboð fyrir verzlunina hefir Páll Sæmundsson, Bergþórugötu 8, og ritar hann firmað þannig sem prókúruhafi:

p. p. Nýja búðin

Páll Sæmundsson.

Reykjavík, 23. maí 1932.

Guðrún Eyleifsdóttir.

32. Heiti sjóðsins er Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Heimili og varnar-er í Reykjavík. Tilgangur sjóðsins er að reka sparisjóðsstarfsemi fyrir Reykjavík og nágrenni. Stofnendur eru 63 menn búsettir í Reykjavík og nágrenni. Stjórnendur sjóðsins eru: Jón Þorláksson, alþm., Bankastræti 11, Rvík, formaður, Jón Halldórsson, trésmíðameistari, Skólavörðustíg 4, varaformaður, Gústaf Sveinsson, málaflm., Þórsgötu 17, ritari, Guðmundur Ásbjörnsson, bæjarstjórnarforseti, Fjölnisvegi 9, Reykjavík, og Helgi Hermann Eiríksson, skólastjóri, Sóleyjargötu 7, Rvík. Endurskoðendur: Björn Steffensen, endurskoðari, Vesturgötu 4, Rvík, Einar Erlendsson, byggingameistari, Skólastræti 5 B, og til vara Bjarni Jónsson, dómkirkjuprestur,

166

Rvík. Starfsmenn: Einar Magnússon, Ránargötu 20, Rvík, gjaldkeri, Ásgeir Bjarnason, Suðurgötu 5, bókarí. Gjaldkeri og bókarí eða einn stjórnandi ásamt bókará eða gjaldkera undirrita kvittanir fyrir greiðslum til sjóðsins. Aðrar ráðstafanir heyra undir stjórnina og þarf þá einfaldan meiri hluta stjórnenda. Stofnféð er kr. 250.00 á hvern stofnanda, en auk þess ábyrgjast þeir hver um sig kr. 250 af skuldbindingum sjóðsins. Fundi skal boða með ábyrgðarbréfi, er afhent sé á pósthúsið í Reykjavík 5 dögum fyrir fundinn. Lög sjóðsins voru staðfest af fjármálaráðuneytinu 5. f. m.

Reykjavík, 23. apríl 1932.

Jón Þorláksson. G. Ó. Sveinsson. Helgi Hermann Eiríksson.
Jón Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson.

33. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem ég á sínum tíma gaf hr. verzlunarmanni Einar Sigurðssyni, afturkallast hér með.

Reykjavík, 28. maí 1932.

Guðm. Guðmundsson.

34. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Guðni Jónsson, Nönnugötu 4, er genginn úr firmanu Nýja Vélsmiðjan, frá 20. þ. m. að telja. Eru honum óviðkomandi allar skuldbindingar firmans frá þeim tíma.

Reykjavík, 22. júní 1932.

Hans Hansen. Sigurður Sveinbjörnsson. Guðni Jónsson.

35. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Lilja Kristjánsdóttir, Laugavegi 37, Jón Þorláksson, verkfr., Bankastræti 11, og Jens Eyjólfsson, byggingameistari, Grettisgötu 11, rekum í sameiningu og sem fullábyrgir félagar verzlun hér í bænum með timburvörur undir firmanafninu Timburverzlun Árna Jónssonar.

Firmað ritum við öll saman og gerum það þannig:

Timburverzlun Árna Jónssonar

Lilja Kristjánsdóttir. Jón Þorláksson. Jens Eyjólfsson.

Niels Carlsson hefir framkvæmdarstjórn og undirskrifar hann þannig:

Timburverzlun Árna Jónssonar

N. Carlsson.

Reykjavík, 3. júní 1932.

Lilja Kristjánsdóttir. Jón Þorláksson. Jens Eyjólfsson.

36. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Benedikt Þ. Gröndal, Ránargötu 24, Rvík, og Haukur Gröndal s. st., rekum smá-söluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu

„Hauksbúð“. Benedikt Þ. Gröndal, hefir einn rétt til að rita firmað og ritar hann það þannig: **166**

Hauksbúð

Benedikt Þ. Gröndal.

Prókúru fyrir firmað hefir Haukur Gröndal og ritar hann þannig sem prókúruhafi:

pr. pr. Hauksbúð

H. B. Gröndal.

Reykjavík, 10. júní 1932.

Benedikt Þ. Gröndal. H. B. Gröndal.

37. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Sigurður Þ. Björnsson, Sóleyjargötu 13, og Sigurbergur Árnason, Helgadal við Kringlumýrarveg, rekum smásöluverzlun hér í bænum sem fullábyrgir félagar undir firmanafninu „Verzlunin Vitinn“. Við hvor um sig höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Verzlunin Vitinn

Sigurður Þ. Björnsson.

Verzlunin Vitinn

S. Árnason.

Reykjavík, 14. júlí 1932.

Sigurður Þ. Björnsson. S. Árnason.

38. Birgir Thorlacius og Guðgeir Jóhannsson reka í félagi fyrirtæki undir nafninu Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur. Tilgangur fyrirtækisins er að greiða fyrir samböndum milli húseigenda og leigjenda og annast kaup og sölu fasteigna. Hvor félaganna um sig rita firmað. Þó þarf undirskrift beggja til að skuldbinda fyrirtækið fjárhagslega.

Birgir Thorlacius ritar firmað þannig:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur

Birgir Thorlacius.

Guðgeir Jóhannsson ritar þannig:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur

Guðgeir Jóhannsson.

Báðir rita:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur

Birgir Thorlacius. Guðgeir Jóhannsson.

Reykjavík, 28. júlí 1932.

Birgir Thorlacius, Nýja barnaskóla.

Guðgeir Jóhannsson, Mímisvegi 3.

39. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum undir firmanafninu

166

„Ó Halldórsson & Kalstað“. Firmað ritum við hver um sig, en þó þarf undirskrift allra ef um er að ræða veðsetningu eða sölu fasteigna.

Firmað ritum við þannig:

Ó. Halldórsson & Kalstað

Ólafur K. Þorvarðsson.

Ó. Halldórsson & Kalstað

Ól. Halldórsson.

Ó. Halldórsson & Kalstað

Þorvarður Þorvarðsson.

Ó. Halldórsson & Kalstað

Ólafur K. Þorvarðsson. Ól. Halldórsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Reykjavík, 11. ágúst 1932.

Ólafur K. Þorvarðsson, Skothúsvegi 7, Rvík.

Ólafur Halldórsson, Bergstaðastr. 71, Rvík.

Þorvarður Þorvarðsson, Skothúsvegi 7, Rvík.

40. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Þórður Ólafsson, Vesturgötu 20, og Tryggvi Ólafsson, Túngötu 34, Reykjavík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík undir firmanafninu Kolasalan s.f. Tilgangur félagsins er að verzla með kol, salt og jafnvel fleiri vörutegundir. Hvor okkar um sig hefir rétt til að rita firmað, og gerum við það þannig:

Kolasalan s.f.

Tryggvi Ólafsson.

Kolasalan s.f.

Þórður Ólafsson.

Til að skuldbinda félagið út á við, samþykkja víxla, selja og veðsetja eignir, eða taka lán, þarf undirskrift okkar beggja, og ritum við þá firmað þannig:

Kolasalan s.f.

Þórður Ólafsson. Tryggvi Ólafsson.

Reykjavík, 21. júlí 1932.

Þórður Ólafsson. Tryggvi Ólafsson.

41. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Runólfur Pétursson og Halldór Pétursson, báðir til heimilis á Bergstaðastræti 39, rekum matvöruverzlun hér í bænum, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Geislinn“. Hvor okkar um sig hefir rétt til að rita firmað og gerum það þannig:

„Geislinn“

Runólfur Pétursson.

„Geislinn“

Halldór Pétursson.

Reykjavík, 12. ágúst 1932.

Runólfur Pétursson. Halldór Pétursson.

42. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð, verzlun undir firmanafninu „I. Guðmundsson & Co.“. Við hvort um sig höfum rétt til að rita firmað, en þó þarf undirskrift beggja, ef um er að ræða sölu, lán eða veðsetningu á eignum firmans. Firmað ritum við þannig:

I. Guðmundsson & Co.

I. Guðmundsson.

I. Guðmundsson & Co.

Caroline E. R. Siemsen Hendriksdóttir.

I. Guðmundsson & Co.

I. Guðmundsson. Caroline E. R. Siemsen Hendriksdóttir.

Reykjavík, 28. ágúst 1932.

Ingólfur Guðmundsson, Bárugötu 14, Rvík.

Caroline E. R. Siemsen Hendriksdóttir, Vesturg. 29, Rvík.

43. Við undirritaðir, Eiríkur Ormsson, rafvirki, Laufásvegi 34 í Rvík og Jón Ormsson, rafvirki, Sjafnargötu 1 í Rvík, tilkynnum hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég, Jón Ormsson, er genginn úr firmanu „Bræðurnir Ormsson“, frá 1. janúar þ. á. að telja, en ég, Eiríkur Ormsson, held firmanu áfram undir sama nafni, og undirrita firmað þannig:

pr. Bræðurnir Ormsson

E. Ormsson.

Reykjavík, 10. okt. 1932.

Jón Ormsson. E. Ormsson.

44. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum í félagi og með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum (pappírs-, ritfanga- og bókaverzlun) undir firmanafninu „Bókhlaðan“. Hver okkar hefir rétt til að rita firmað, og ritum við það þannig:

Bókhlaðan

Stefán Runólfsson.

Bókhlaðan

Ólafur P. Stefánsson.

Bókhlaðan

Stefán H. Stefánsson.

Reykjavík, 6. sept. 1932.

Stefán H. Stefánsson, Þingholtsstr. 16.

Stefán Runólfsson, úrsmiður og prentari, Þingholtsstr. 16.

Ólafur P. Stefánsson, prentari, Þingholtsstr. 16.

45. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Kristján Jóhann Kristjánsson, Hringbraut 132, og Vilhjálmur Bjarnason, Grundar-

166

stíg 2, rekum trésmiðavinnustofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

„Kassagerð Reykjavíkur“.

Firmað ritum við hvor um sig, en þó þarf undirskrift beggja, ef um er að ræða veðsetningar eða aðrar skuldbindingar fyrir firmað út á við. Undirskriftir eru þannig:

Kassagerð Reykjavíkur

Kr. Jóh. Kristjánsson.

Kassagerð Reykjavíkur

Vilhj. Bjarnason.

Kassagerð Reykjavíkur

Kr. Jóh. Kristjánsson. Vilhj. Bjarnason.

Reykjavík, 28. sept. 1932.

Kr. Jóh. Kristjánsson. Vilhj. Bjarnason.

46. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að úr firmanu Friðrik Magnússon & Co., Reykjavík, hafa gengið Friðrik Gunnarsson og Sigurjón Pétursson. Friðrik R. Magnússon rekur firmað einn framvegis undir sama nafni sem fullábyrgur eigandi.

Reykjavík, 13. des. 1932.

Fr. K. Magnússon. Sigurj. Pétursson. Friðrik Magnússon.

47. Undir firmanafninu s.f. Fram, reka þau, Jón Jónsson, Bárugötu 34, og Karólína Ólafs, Garðastræti 19, samlagsfélag til útflutnings á fiski.

Karólína Ólafs ber ein ótakmarkaða ábyrgð, Jón Jónsson, er samlagsfélagi með tíu þúsund (kr. 10000,00) ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Elinmundur Ólafs, Garðastræti 19, hefir prókúru. Báðir félagar rita firmað hvort um sig þannig:

Fram s.f.

Karólína Ólafs.

Fram s.f.

Jón Jónsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Fram s.f.

Elinmundur Ólafs.

Reykjavík, 25. okt. 1932.

Jón Jónsson. Karólína Ólafs.

48. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að undir firmanafninu „Sameignarfélagið Kópur“, skammstafað „S/f Kópur“, rekum við undir-

ritaðir sem fullábyrgir félagar, útgerð togara, er við eigum saman, kaup og sölu á fiski og öðrum sjávarafurðum, svo og verkun fiskjar, og annað, sem stendur í sambandi við fiskveiðar. 166

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Hvor um sig getur, svo gilt sé, skuldbundið félagið með undirskrift sinni og þar á meðal veðsett fisk félagsins tiltryggingar lánnum til útgerðarinnar. Til að selja eða veðsetja skip eða fasteignir félagsins, þarf undirskrift okkar beggja.

Undirskriftum er hagað þannig:

pr. S/f „Kópur“

Páll Ólafsson.

pr. S/f „Kópur“

Guðm. Guðmundsson.

S/f „Kópur“

Páll Ólafsson.

Guðm. Guðmundsson.

Reykjavík, 27. okt. 1932.

Páll Ólafsson,
Sólvallagötu 4.

Guðmundur Guðmundsson,
Ránargötu 18.

49. Samkvæmt tilkynningu, sem er móttækin 24. nóv. 1932, er skrásett Fiskiveiðahlutafélagið Freyja. Dagsetning samþykka er 23. nóv. 1932. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Tilgangur: Að kaupa skip og stunda fiskiveiðar á því og að framkvæma þá starfrækslu, sem nauðsynleg þykir í sambandi við þær fiskveiðar. Framlög hvers félagsmanns er eitt þúsund krónur. Félagsmenn eru alls átta. Hver félagismaður ábyrgist eitt þúsund krónur af skuldum félagsins auk framlags síns til félagsins og eigna í öðrum sjóðum þess en stofnsjóði. Fundi félagsins skal boða með auglýsingu um borð í skipinu eða með ábyrgðarbréfi, eftir því sem við á. Stjórn félagsins skipa þrjú félagsmenn og tveir til vara, þeir Guðmundur Jónsson, skipstjóri, Vesturgötu 52 B, Jón Bergm. Bjarnason, vélstj., Vesturgötu 33 B, og Elías Guðmundsson, stýrim., Nýlendugötu 22. Varastjórnendur: Ásgeir Einarsson, Baugsveg 3 A og Jochum Elíasson, Grettisg. 81. Firmað rita tveir úr stjórn félagsins þannig:

f. h. Fiskiveiðafélagið Freyja

Guðm. Jónsson.

Elías Guðmundsson.

f. h. Fiskiveiðafélagið Freyja

Guðm. Jónsson.

Jón Bergm. Bjarnason.

f. h. Fiskiveiðafélagið Freyja

Elías Guðmundsson.

Jón Bergm. Bjarnason.

Reykjavík, 24. nóv. 1932.

Guðm. Jónsson.

Elías Guðmundsson.

Jón Bergm. Bjarnason.

- 166 50. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að úr firmanu Friðrik Magnússon & Co., Rvík, hafa gengið Friðrik Gunnarsson og Sigurjón Pétursson.

Friðrik K. Magnússon rekur firmað einn framvegis, undir sama nafni, sem fullábyrgur eigandi.

Reykjavík, 13. desember 1932.

Fr. K. Magnússon. Sigurj. Pétursson. Friðrik Gunnarsson.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. H/f Skallagrimur rekur skipaútgærð í Borgarnesi til siglinga um Faxaflóa og víðar. Samþykktir dagsettar 23. jan. 1932.

Stofnendur eru: Borgarneshreppur, Kaupfélag Borgfirðinga, Verzlunarfélag Borgarfjarðar, Magnús Þorbjarnarson, söðlasmiður í Borgarnesi, Magnús Jónsson, gjaldkeri, s. st., Halldór Vilhjálmsson, skólastjóri, Hvanneyri, María Sæmundsdóttir, húsfreyja, Hvítárvöllum, Jón Hannesson, bóndi, Deildartungu, Davíð Þorsteinsson, bóndi, Arnbjargarlæk, Jósef Björnsson bóndi á Svarfhóli, Sigurður Fjeldsted, bóndi í Ferjukoti, og Jóhann Magnússon, hreppstjóri, Hamri.

Stjórn félagsins skipa: Magnús Jónsson, gjaldkeri, formaður félagsins, Davíð Þorsteinsson á Arnbjargarlæk og Hervald Björnsson, oddviti Borgarneshrepps. Formaður hefir prókúruumboð.

Tveir úr stjórninni geta skuldbundið félagið með undirskrift sinni og rita þeir firmað þannig:

H/f Skallagrimur
Magnús Jónsson. Hervald Björnsson.

H/f Skallagrimur
Hervald Björnsson. Davíð Þorsteinsson.

H/f Skallagrimur
Davíð Þorsteinsson. Magnús Jónsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/f Skallagrimur
Magnús Jónsson.

Hlutféð er 30000 kr. og skiptist í 30 hluti, 1000 kr. hvern, en félagsstjórninni er heimilað með fundarsamþykkt að hækka hlutféð allt að helmingi síðar.

Hlutféð er að fullu greitt.

Hlutabréfin hljóða á nafn og fylgja þeim engin sérréttindi né lausnarskylda. Samþykki félagsstjórnar þarf til þess að selja hlutabréfin.

Hluthafar hafa citt atkvæði fyrir hvern hlut, þó með þeim takmörkunum er hlutfélagsslögin ákveða.

Fundarboð sendist með ábyrgðarbréfi eða símskeyti með 4ra vikna fyrirvara.

III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

166

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að frá 1. jan. þ. á. er Magnús Magnússon, kaupm., Ísafirði, genginn úr firmanu Timburverzlunin „Björk“ á Ísafirði, og er verzlun og rekstur firmans frá sama tíma honum óviðkomandi.

Frá sama tíma rekur Jóhann Bárðarson verzlunina áfram undir sama firmanafni og áður, sem einkaeigandi, fullábyrgur.

Ísafirði, 22. janúar 1932.

M. Magnússon.

Jóh. Bárðarson.

2. Á aðalfundi h/f Bökunarfélag Ísfirðinga, Ísafirði, þann 14. febrúar 1932, var samþykkt að taka upp þá reglu, að kjósa varaforsetja. Skal sá gegna forstjórstörfum í hans forföllum.

Kosinn var til varaforsetjóra: Sigurður Guðmundsson, yfirbakari.

Hann ritar firmað þannig:

Bökunarfélag Ísfirðinga

Sigurður Guðmundsson.

Ísafirði, 19. febrúar 1932.

3. Hér með tilkynnist til fimaskrár Ísafjarðar, að á aðalfundi Togarafélags Ísfirðinga h/f, Ísafirði, er haldinn var 28. þ. m., varð sú breyting á stjórn félagsins, að úr stjórninni gengu Karl Olgeirsson, kaupmaður, Ísafirði, og Grímur Jónsson, kaupmaður, Súðavík.

Í stað þeirra voru kosnir í stjórnina Árni J. Árnason, bankamaður, og Ólafur Kárason, kaupmaður, báðir á Ísafirði.

Skipa því stjórnina nú:

Árni J. Árnason, bankamaður, formaður, Ólafur Kárason, kaupm., varaformaður, Matthías Ásgeirsson, bæjarfógetafulltr., ritari, og sem vara-
maður: Sigurður Jónsson, fyrrv. skólastjóri.

Ísafirði, 31. marz 1932.

Matth. Ásgeirsson.

Árni J. Árnason.

Ól. Kárason.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að hr. Jón J. Fannberg hefir prókúruumboð fyrir verzlun mína í Bolungavík, og hefir hann öll réttindi prókúrista lögum samkvæmt.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Bjarni Eiríksson

Jón J. Fannberg.

P. t. Reykjavík, 8. maí 1932.

Bjarni Eiríksson.

- 166 5. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að Togarafélag Ísfirðinga h/f, Ísafirði, veitir hér með hr. fyrirv. bæjarfógetafulltrúa Matthíasi Ásgeirssyni, Ísafirði, prókúruumboð fyrir félagið og hefir hann öll réttindi, sem prókúristar hafa að lögum. Hann ritar firmað þannig:

p. p. Togarafélag Ísfirðinga h/f
Matth. Ásgeirsson.

Frá sama tíma er hér með afturkallað prókúruumboð það, sem konsúll Tryggvi Jóakimsson hefir haft fyrir félagið.

Ísafirði, 2. ágúst 1932.

Togarafélag Ísfirðinga h/f

Árni J. Árnason. Ól. Kárason.

6. Prókúruhafi í fyrirtækinu er Einar Ó. Kristjánsson og getur hann einn skuldbundið fyrirtækið. Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Kolaverzlun Ísafjarðar
E. O. Kristjánsson.

Reikningsár fyrirtækisins er almanaksárið og hafi stjórnin afhent endurskoðendum Samlagsins reikninga þess tveim vikum fyrir aðalfund, sem halda skal í síðasta lagi 15. febrúar ár hvert. — Aðalfund skal auglýsa með hálfsmánaðar fyrirvara í blaði, sem út kemur í bænum eða með uppfestum götuauglýsingum.

Ísafirði, 3. ágúst 1932.

Í stjórn Sjúkrasamlags Iðnaðarmannafélags Ísfirðinga

Stefán Stefánsson,

p. t. formaður.

E. O. Kristjánsson,

gjaldkeri.

Ingólfur Ketilsson,

ritari.

7. Sjúkrasamlag Iðnaðarmannafélags Ísfirðinga tilkynnir hérmeð, að það með fundarsamþykkt þ. 2. ágúst þ. á., hafi ákveðið að stofna verzlunarfyrirtæki hér á Ísafirði með sölu á kolum o. fl. Á þessum sama fundi var stjórn samlagsins falið að annast að öllu leyti stofnun fyrirtækis þessa.

Nú hefir stjórn samlagsins þegar hrundið verzlunarfyrirtæki þessu á stað og er það tekið til starfa undir firmanafninu „Kolaverzlun Ísafjarðar“ (Símnafni: „Kol“), með skrifstofu og varnarþing hér á Ísafirði. Markmið fyrirtækisins er að selja kol og aðrar vörur í smásölu og stórsölu eftir atvikum.

Eigandi fyrirtækisins, „Kolaverzlun Ísafjarðar“ er áðurgreint Sjúkrasamlag Iðnaðarmannafélags Ísfirðinga og ábyrgist það skuldir fyrirtækis-

ins og skuldbindur með eignum sínum á hvaða tíma sem er, og sem þann 1. jan. 1932 var sjóðeign að upphæð kr. 10861,16 — tíu þúsund átta hundruð sextíu og ein — kr. 16 aurar, en félagar Samlagsins ábyrgjast engir persónulega skuldir eða skuldbindingar fyrirtækisins, enda njóti þeir aldrei neins ágóða fyrirtækisins umfram það, sem lög Samlagsins kveða á um þegar um styrkveitingar er að ræða til samlagsmanna. Allur mögulegur hagnaður af verzlunarfyrirtæki þessu gengur þannig eingöngu til þess að auka sjóð Samlagsins og um leið möguleika þess til styrkveitinga handa samlagsmönnum samkvæmt lögum þess. Stjórn fyrirtækisins er ávalt hin sama og stjórn Samlagsins, sem nú er skipuð af þeim Stefáni Stefánssyni, skósmið, Tangagötu 16, formanni, Einari Oddi Kristjánssyni, gullsmið, Brunngötu 16, gjaldkera, og Ingólfi Ketilssyni, trésmið, Smiðjugötu 11, ritara, öllum til heimilis á Ísafirði. — Stjórnin skuldbindur fyrirtækið og nægir til þess undirskrift tveggja stjórnarmeðlima í hvert sinn. Ritar núverandi stjórn firmað þannig:

Kolaverzlun Ísafjarðar
E. O. Kristjánsson. Ingólfur Ketilsson.
Kolaverzlun Ísafjarðar
Stefán Stefánsson. Ingólfur Ketilsson.
Kolaverzlun Ísafjarðar
E. O. Kristjánsson. Stefán Stefánsson.

IV. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að bræðurnir Egill og Ólafur Ragnars, nú til heimilis á Akureyri, reka sildarsóltun og verzlun á Siglufirði undir firmanafninu „Ragnarsbræður“. Heimili firmans og varnarþing er á Siglufirði. Egill Ragnars ber ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans, en Ólafur Ragnars leggur fram kr. 50000 sem samlagsfélagi og takmarkast ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins við framlag hans.

Firmað rita firmafélagarnir báðir saman, þannig:

Ragnarsbræður
Egill Ragnars. Ólafur Ragnars.
Akureyri, 20. janúar 1932.
Egill Ragnars. Ólafur Ragnars.

2. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að við undirritaðir höfum selt hr. rafvirkja Kristjáni Dýrfjörð, Hlíðarveg 13 Siglufirði, hlutabréf okkar og eign í firmanu h/f „Raftæki“ Siglufirði, og hefir hann

166

að fullu greitt okkur hluti okkar í dag. Frá þessum tíma berum við enga ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Siglufirði, 22. marz 1932.

Bragi Dýrfjörð. Andrés Hafliðason. B. Ísaksson. Snorri Stefánsson.

Samkvæmt framanskráð hefi ég undirritaður keypt firmað h/f „Raftæki“ og eignir þess og rek það eftirleiðis einn undir firmanafninu Raftæki sem full ábyrgur eigandi. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Raftæki.

Kristján Dýrfjörð.

Siglufirði, 22. marz 1932.

Kr. Dýrfjörð.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að á reglulegum fundi í samvinnufélaginu „Samvinnuútgerð Siglufjarðar“ þann 15. júlí þ. á. var breyting gerð á stjórn félagsins þannig:

Úr stjórninni gengu tveir meðstjórnendur, þeir Jón Þorkelsson og Sigurður Finnbogason, en í þeirra stað voru kosnir þeir Eyþór Hallsson og Þorlákur Þorkelsson. — Formaður stjórnarinnar er hinn sami og áður, Sveinn Þorsteinsson.

Stjórn samvinnufélagsins ritar félagið þannig:

Samvinnuútgerð Siglufjarðar:

Sveinn Þorsteinsson, Eyþór Hallsson,
eða

Samvinnuútgerð Siglufjarðar:

Sveinn Þorsteinsson. Þorlákur Þorkelsson.

Báðir hinir nýju stjórnendur eru heimilisfastir í Siglufjarðarkaupstað.
Siglufirði, 15. júlí 1932.

Sveinn Þorsteinsson. Eyþór Hallsson. Þorlákur Þorkelsson.

4. Verzlun Halldórs Jónassonar, Siglufirði, veitir hér með hr. Hafliða H. Jónassyni, Siglufirði, umboð sem prókúrista fyrir verzlunina, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt l. nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmag ritar hann þannig:

p. p. Verzlun Halldórs Jónassonar
Hagl. H. Jónasson.

Siglufirði, 7. desbr. 1932.

Vegna Dbú. Halldórs Jónassonar
Kristín Hafliðadóttir.

5. Hlutafélagið „Jötun“, lögheimili Siglufjörður. Tilgangur félagsins er að verzla með sjávarafurðir, sérstaklega síld, verka síld og stunda þær atvinnu-

greinar er standa í sambandi við slíka starfrækslu. Dagsetning samþykkt 30. júlí 1932.

Stofnendur: Ólöf Blöndal, húsfrú, Norðurgata 3, Siglufirði, S. A. Blöndal, konsúll, Norðurgata 3, s. st., Magnús Blöndal, skrifstofustjóri, Norðurgata 20 B, s. st., Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Vetrarbraut 14, s. st., Páll S. Dalmar, fulltrúi, Vetrarbraut 20, s. st., Andrés Hafliðason, kaupmaður, Aðalgata 12, s. st., Einar V. Hermannsson, matsmaður, Túngötu, s. st., Guðmundur Hafliðason, hafnarvörður, Aðalgata 14, s. st., Óli J. Hertervig, bakaramestari, Vetrarbraut 10, s. st., Páll Guðmundsson, hóteleigandi, Lindargata 3, s. st., Otto Jörgensen, stöðvarstjóri, Aðalgata 9, s. st., Samúel Ólafsson, smiður, Túngata 1, s. st.

Stjórn: S. A. Blöndal, formaður, og meðstjórnendur þeir Andrés Hafliðason og Magnús Blöndal. Varastjórnandi Otto Jörgensen. Endurskoðendur Páll S. Dalmar og Einar V. Hermannsson.

Framkvæmdarstjóri: Sophus A. Blöndal, konsúll, Siglufirði. Undirskrift tveggja stjórnenda eða framkvæmdarstjóra þarf til þess að skuldbinda eignir félagsins. Framkvæmdarstjóri hefir prókúru-umboð. Undirskriftum hagað þannig:

H/f. „Jötun“

S. A. Blöndal. Magnús Blöndal.

H/f. „Jötun“

S. A. Blöndal. Andrés Hafliðason.

H/f. „Jötun“

Andrés Hafliðason. Magnús Blöndal.

Prókúruhafi og framkvæmdarstjóri S. A. Blöndal ritar firmað þannig per prókúru:

pr. pr. h/f. „Jötun“

S. A. Blöndal.

Hlutfé félagsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —. Til hlutfjár- aukningar þarf samþykki hluthafa, er ráða yfir $\frac{2}{3}$ hlutfjárins. Hlutféð skiptist í hluti að upphæð kr. 100.00 hver. Innborgað hlutfé er kr. 500.00. Afgangurinn eða kr. 1500.00 greiðast í síðasta lagi 30. desember 1932. Hluta- bréfin hljóða á nafn og hafa hluthafar eitt atkvæði fyrir hverjar 100 krónur, er þeir eiga í hlutum. Sala hlutabréfa óheimil nema félagsstjórn samþykki. Sérréttindi engin og lausnarskylda engin. Fundir skulu boðaðir á þann hátt er stjórnin ákveður.

Siglufirði, 30. júlí 1932.

S. A. Blöndal.

Andrés Hafliðason. Magnús Blöndal.

V. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Tilkynnt hefir verið til firmaskrár Akureyrarkaupstaðar að Útbú Nathan & Olsen þar sé hætt að starfa.

- 166 2. Ég, Kristján Árnason, kaupmaður á Akureyri, gef hér með syni mínum, Gunnari H. Kristjánsyni, Akureyri, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína „Verzlunin Eyjafjörður“, Akureyri, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkv. l. nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Verzlunin Eyjafjörður
Gunnar H. Kristjánsson.
Akureyri, 26. marz 1932.
Kristján Árnason.

3. Hér með tilkynnist, að ég undirritaður hefi selt hr. Páli Sigurgeirssyni, verzlunarstjóra, verzlun mína: Brauns Verzlun, Akureyri, og yfirtekur hann verzlunina frá 1. apríl 1932 að telja. Framvegis rekur hann verzlunina undir nafninu:

Brauns Verzlun, Akureyri, eigandi Páll Sigurgeirsson.
Akureyri, hinn 8. apríl 1932.
Rich. N. Braun.

4. Samvinnufélag sjómanna á Akureyri tilkynnir til firmaskrár 13. þ. m., að á aðalfundi félagsins 24. apríl s. l., hafi Sigurður Sumarliðason gengið úr stjórn þess, en í hans stað verið kosinn Jón Jónsson, Brekkugötu 3 b. Formaður var kosinn Sigfús Baldvinsson og varaformaður Anton Ásgrímsson. Sama firma tilkynnir sama dag, að prókúruumboð Haraldar Gunnlaugssonar, framkvæmdarstjóra félagsins, sé afturkallað.

Skrifstofa Eyjafjs. og Akureyri, 15. júlí 1932.
G. Ísberg,
ftr.

VI. Þingeyjarsýsla.

1. Ingvar St. Pálmason, Pétur L. Waldorff, Stefán Höskuldsson, Jón Karlsson, Óskar Sigurðsson, Hinrik Sigurðsson, Karl Karlsson, allir til heimilis í Neskaupstað, og Guðmundur Ísfeld til heimilis Fuglafirði, Færeyjum, tilkynna til firmaskrárinnar í Þingeyjarsýslu, að þeir undir nafninu „Hafalda“ reki verzlun og útgerð á Skálum á Langanesi.

Samþykktir félagsins eru dagsettar 5. desember 1931.

Hver félagi greiðir 10 kr. við inngöngu og ábyrgjast þeir allir skuldir félagsins in solidum.

Í stjórn eru Karl Karlsson, Ingvar St. Pálmason og Stefán Höskuldsson.

Prókúru hefir Pétur L. Waldorff og hefir hann einn rétt til að rita **166**
fyrir og ritar hann fyrir þannig:

p. p. Hafalda

Pétur L. Waldorff.

Neskaupstað, 7. desember 1931.

Pétur L. Waldorff. Stefán Höskuldsson. Hinrik Sigurðsson.

Óskar Sigurðsson. Ingvar St. Pálmason.

Karl Karlsson. Jón Karlsson.

f. h. Guðmundar Ísfeld

Karl Karlsson, e. u.

VII. Neskaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Neskaupstaðar, að Konráð Hjálmarsson hefir gengið úr firmanu „Verzlunin Konráð Hjálmarsson“ frá 31. des. 1931 að telja, og er því Páll G. Þormar einn eigandi nefnds firma frá sama tíma, og ber einn ábyrgð á skuldbindingum þess.

Norðfirði, 31. des. 1931.

K. Hjálmarsson. Páll G. Þormar.

2. Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað, skammstafað P. A. N.

Heimili félagsins og varnarþing er í Neskaupstað. Dagsetning samþykktá þess er 6. nóv. 1932.

Tilgangur: Að annast hagkvæm vöruinnkaup til heimilisþarfa fyrir félagsmenn og sporna við skuldaverzlun.

Heimilt er einnig að annast vöruinnkaup fyrir utanfélagsmenn. Félagar bera, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Inngöngueyrir er 10 kr., sem rennur í varasjóð, svo og 1% af viðskiptaveltu félagsins og allar tekjur af utanfélagsviðskiptum.

Fundi félagsins skal boða með uppfestum götuauglýsingum með minnst sólarhrings fyrirvara.

Stjórn félagsins skipa þrjú félagsmenn og einn til vara og velur hún sér sjálf formann. Einnig ræður stjórnin pöntunarstjóra.

Til þess að skuldbinda félagið þarf undirskrift allrar stjórnarinnar. Stjórn félagsins skipa: Jónas Guðmundsson, kennari, formaður, Ólafur Magnússon, Sigurjón Kristjánsson, og varastjórnandi: Einar Einarsson.

Prókúruumboð fyrir félagið hefir A. Alfons Pálmason, kaupm.

Neskaupstað, 8. nóv. 1932.

Jónas Guðmundsson. Ólafur Magnússon. Sigurjón Kristjánsson.

166

Stjórnin ritar firmað þannig:

Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað
 Jónas Guðmundsson. Ólafur Magnússon. Sigurjón Kristjánsson.
 Prókuruhafi undirritar þannig:
 p. p. Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað
 A. A. Pálmason.

3. Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, skammstafað S. Ú. N.
 Heimili og varnarþing er í Neskaupstað.
 Tilgangur félagsins er:
- Að annast sameiginlega sölu á fiskframleiðslu félagsmanna.
 - Að annast sameiginleg kaup á salti, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum með sem hagkvæmustum kjörum.
 - Að sporna við skuldaverzlun og safna fé í tryggingar- og reksturssjóði.
 - Að vinna að umbótum á veiði- og söluaðferðum, aukinni vöruvöndun og sem fullkomnastri hagnýtingu framleiðslunnar.
- Félagsmenn bera, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgð á skuldbindingum félagsins.
 Inngöngueyrir er kr. 10,00.
 Í stofnsjóð félagsins leggst $\frac{1}{2}\%$ af andvirði seldra og keyptra vara, og $\frac{1}{2}\%$ af sama í varasjóð.
 Stjórn félagsins skipa: Ölver Guðmundsson, útg., Sigurður Hinriks-son, útg., Jón Kerúlf Guðmundsson, útg.
 Framkvæmdarstjóri er Kristján Sigtryggsson, kaupm.
 Framkvæmdarstjóri hefir einn prókúruumboð og ritar firmað.
 Ritar hann firmað þannig:
 p. p. Samvinnufélag útgerðarmanna
 Kristján Sigtryggsson.
 Neskaupstað, Norðfirði, 8. nóv. 1932.
 Ölver Guðmundsson. Sigurður Hinriksson. Jón Kerúlf Guðmundsson.

IX. Suður-Múlasýsla.

- Ísfisksölusamlag Fáskrúðsfirðinga, hefir heimili og varnarþing á Búðum í Fáskrúðsfirði. Samþykktir félagsins eru dagsettar 1. september 1931. Tilgangur þess er að vinna að sameiginlegri sölu á afla félagsmanna. Stjórn félagsins skipa: Marteinn Þorsteinsson, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, Stefán P. Jakobsson, kaupmaður s. st. og Pálmi Þórðarson, sjómaður s. st. Firmað

rita tveir úr stjórninni og er undirskrift þeirra skuldbindandi fyrir félagið. **166**
Rita þeir firmað þannig:

F. h. Ísfisksölusamlags Fáskrúðsfirðinga:
Marteinn Þorsteinsson, Stefán Jakobsson,
eða

F. h. Ísfisksölusamlags Fáskrúðsfirðinga:
Marteinn Þorsteinsson, Pálmi Þórðarson,
eða

F. h. Ísfisksölusamlags Fáskrúðsfirðinga:
Stefán Jakobsson, Pálmi Þórðarson.

Félagsmenn ábyrgjast skuldbindingar félagsins aðeins með inneignum sínum hjá því á hverjum tíma af andvirði afurða. Inngöngueyrir er 10 kr. fyrir hvern félagsmann, sem leggist í varasjóð. Árgjald í varasjóð er 1% af söluverði afurða.

2. Fiskiverkunarfélagið „Huginn“ hefir heimili og varnarþing á Eskifirði. Samþykktir félagsins eru dagsettar 8. apríl 1932. Tilgangur þess er að bæta úr atvinnuskorti félagsmanna með því að reka fiskverkun, ná umráðarétti yfir fiski, fiskiverkunarstöð og öðru, sem nauðsynlegt er við þann rekstur. Stjórn félagsins skipa: Arnþór Jensen, Eskifirði, formaður, Dagur Jóhannsson, verkamaður, Eskifirði, og Ragnheiður Björnsdóttir, húsfrú, s. st. Firmað rita 2 stjórnendur saman. Rita þeir firmað þannig:

F. h. Fiskiverkunarfélagið „Huginn“
Arnþór Jensen, Dagur Jóhannsson,
eða

F. h. Fiskiverkunarfélagið „Huginn“
Dagur Jóhannsson, Ragnheiður Björnsdóttir,
eða

F. h. Fiskiverkunarfélagið „Huginn“
Arnþór Jensen, Ragnheiður Björnsdóttir.

Prókúruhafi fyrir félagið er Arnþór Jensen, ritar hann firmað þannig:

Pr. pr. Fiskiverkunarfélagið „Huginn“
Arnþór Jensen.

Félagsmenn ábyrgjast skuldbindingar félagsins aðeins með eignum þess. Inngöngueyrir er 2 kr. á hvern félagsmann, sem leggst í varasjóð. Árgjald í varasjóð er 5 kr. frá hverjum féлага og 50% af hreinum ársarði félagsins.

3. Það tilkynnist til firmaskrárinnar, að á síðasta aðalfundi Kaupfélags Breiðdæla, Breiðdalsvík, varð sú breyting á stjórn þess, að úr henni gengu:

166

Hóseas Björnsson, Guðjón Jónsson, Guðmundur Pétursson.

En í henni eru nú:

Formaður: Einar Björnsson, Breiðdalsvík. Meðstjórnendur: Björgvin Jónasson, Hlíðarenda, Jón Björgólfsson, Þorvaldsstöðum. Varamaður: Guðjón Jónsson, Tóarseli.

Breiðdalsvík, 24. okt. 1932.

p. p. Kaupfélag Breiðdæla

Einar Björnsson.

4. Hér með tilkynnist, að vér höfum afturkallað prókúruumboð kaupfélagsstjóra Einars Björnssonar fyrir Kaupfélag Breiðdæla, Breiðdalsvík, frá og með 1. janúar 1933.

Breiðdalsvík, 24. okt. 1932.

Í stjórn Kaupfélags Breiðdæla

Einar Björnsson, Björgvin Jónasson. Jón Björgólfsson.

5. Hér með tilkynnist, að vér höfum veitt kaupfélagsstjóra Þórhalli Sigtryggssyni, Djúpavogi, prókúruumboð fyrir Kaupfélag Breiðdæla, Breiðdalsvík, frá og með 1. janúar 1933 og ritar hann nafn sitt þannig:

pr. pr. Kaupfélag Breiðdæla

Þórhallur Sigtryggsson.

Breiðdalsvík, 24. okt. 1932.

Stjórn Kaupfélags Breiðdæla

Einar Björnsson, Björgvin Jónasson. Jón Björgólfsson.

X. Skaftafellssýsla.

1. Hér með afturkallast prókúruumboð það, sem Þórður Pálmason hefir farið með síðan 14. júní 1928, og leyfum vér undirritaðir, stjórnendur Kaupfélags Skaftfellinga, oss jafnframt að tilkynna, að hér eftir hefir Sigurjón Kjartansson fullt prókúruumboð samkv. lögum fyrir kaupfélagið.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfélag Skaftfellinga

S. Kjartansson.

Vík í Mýrdal, 24. apríl 1932.

Í stjórn Kaupfélags Skaftfellinga

Lárus Helgason. Sveinn Sveinsson.

Ólafur Grímsson. Páll Sigurðsson.

XI. Rangárvallasýsla.

166

1. Á aðalfundi Kaupfélags Holtamanna, sem haldinn var að Rauðalækjarskála, sunnudaginn 17. maí 1931, var Gunnar Runólfsson, hreppstjóri á Rauðalæk, kosinn í stjórn félagsins, í stað Bjarna Jónssonar í Meiri-Tungu, er gekk úr stjórninni.

Að öðru leyti er stjórn félagsins hin sama og getur um í 34. tölublaði Lögbirtingablaðsins frá 1930, og ritar því stjórn félagsins firmað framvegis samkvæmt þessari breytingu.

2. Sú breyting hefir orðið á stjórn Kaupfélags Hallgeirseyjar, að síra Jakob Ó. Lárusson, hefir gengið úr henni, og skipa nú stjórnina þessir menn:

Sigurður Vigfússon, bóndi, Brúnum, formaður, Sigurþór Ólafsson, bóndi í Kollabæ, varaformaður, Auðunn Jónsson, Eyvindarmúla, Jón Gíslason, bóndi í Ey, Valdimar Jónsson, bóndi á Álfhólum.

Varamaður í stjórn er: Guðjón Jónsson, bóndi í Tungu.

Ennfremur tilkynnist: að kaupfélagið hefir sett á stofn útibú á Stór-ólfshvoli, með opinni sölubúð og skuldbindur það prókúruhafi félagsins Ágúst Einarsson.

XII. Vestmannaeyjar.

1. Það tilkynnist hér með, að herra framkvæmdastjóra Bjarna Jónssyni hefir verið falin prókúra fyrir kaupfélagið „Drifandi“.

Í skilanevnd kaupfél. „Drifandi“

Jóh. Gunnar Ólafsson.

Ísleifur Högnason. Guðl. Hansson.

Árni Oddsson. Bjarni Jónsson.

2. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar, sem dagsett er 11. febr. þ. á., er skrásett „Viðskiptasamlag smáútvegsmanna í Vestmannaeyjum“. Samþykktir þess eru dagsettar 19. jan. 1932. Félagið er pöntunarfélag. Stjórn þess skipa: Þorbjörn Guðjónsson, formaður, Stefán Ingvarsson, Guðlaugur Brynjúlfsson, Jón Hjálmarsson, Guðmundur Jónsson; varastjórn: Gunnar M. Jónsson og Guðjón Jónsson. Heimild til að rita firmað hefir framkvæmdarstjóri, sem hefir rétt til að framselja það öðrum með samþykki stjórnarinnar. Prókúruumboð hefir Stefán S. Franklin. Árstíllag í félaginu eru 5 krónur. Enginn félagsmaður ábyrgist skuldir félagsins. Birtingar til félagsmanna þarf ekki að birta í opinberum blöðum.

Vestmannaeyjum, 11. febr. 1932.

Stefán Ingvarsson. Þorbjörn Guðjónsson. Guðl. Brynjúlfsson.

Jón Hjálmarsson. Gunnar M. Jónsson.

- 166 3. Kaupfélag Alþýðu tilkynnir, að það hafi hinn 1. maí þ. e. gefið Þorsteini Víglundarsyni, Skólaveg 37, prókúruumboð fyrir félagið.
4. Sigurður Á. Gunnarsson, kaupm., Heimagötu 25, og Nanna Gunnarsdóttir, Bárugötu 13, bæði í Vestmannaeyjum, reka saman sem fullábyrgir félagar, matvöruverzlun í Vestmannaeyjum undir firmanafninu „Verzlunin Dagsbrún“.

Tillag hvors eiganda til fyrirtækisins er 1500 kr. Eigendur hafa bæði rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Dagsbrún

Sig. A. Gunnarsson. Nanna Gunnarsdóttir.

eða

Verzlunin Dagsbrún

Sig. A. Gunnarsson.

eða

Verzlunin Dagsbrún

Nanna Gunnarsdóttir.

Prókúru fyrir firmað hefir Gissur Þorsteinsson, verzlunarmaður, Bárugötu 13, Vestmannaeyjum, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Dagsbrún

Gissur Þorsteinsson.

5. Samkvæmt tilkynningu, sem dagsett er 14. marz 1932, er skrásett „Kaupfélag Alþýðu Vestmannaeyjum“. Varnarþing þess er í Vestmannaeyjum. Dagsetning samþykkt er 3. febrúar 1932. Tilgangur félagsins er: a) að selja og útvega félagsmönnum nauðsynjavörur, b) að vinna gegn lánsverzlun, þannig, að selja eingöngu gegn staðgreiðslu, c) að efla þekking manna á samvinnufélagsskap, d) að styðja og styrkja stéttabaráttu verkalýðsins og alla þá starfsemi, sem verða má alþýðu til hagsældar efnalega og menningarlega. Stjórn félagsins skipa þeir: Þorsteinn Víglundarson, skólastjóri, Guðmundur Jónsson, skósmiður, Guðlaugur Gíslason, úrsmiður, Sigurður Gottskálksson, verkamaður, og Högni Sigurðsson, bóndi, og hafa þeir jafnframt á hendi framkvæmdarstjórn félagsins og prókúru fyrir það. Rita firmað þannig:

F. h. Kaupfélags Alþýðu Vestmannaeyjum

Þorsteinn Víglundarson. Guðmundur Jónsson.

Gunnlaugur Gíslason. Högni Sigurðsson.

Sigurður Gottskálksson.

Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, sem nemur kr. 200,00 á hvern meðlim umfram tillög sín. Inngöngueyrir er 10 kr. og kr. 25,00 í stofnsjóð. En heimilt er stjórninni, ef henni þykir ástæða til, að

gefa innsækjendum kost á að greiða $\frac{3}{5}$ af stofnhlut við inngöngu ásamt inngöngueyri og eftirstöðvarnar á næstu 10 mánuðum eftir inngöngu. Stendur til að félagið hafi innlánsdeild. Félagið hefir heimild í lögum til að starfrækja innlánsdeild. Tekjur varasjóðsins eru: a) 1% að viðskiptaveltu félagsins, b) inngangseyrir félaga, c) vextir af innstæðu sjóðsins. Félagið hefir borgarabréf. Í stofnsjóð leggjast árlega sem séreign hvers félagsmanns 3% af viðskiptum hans við félagið. 166

6. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrárinnar er skrásett 10. marz þ. á. h/f Óskar Halldórsson. Heimili þess og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Dagsetningar samþykktá 11. febr. 1932. Tilgangur félagsins er ishúsrekstur, verzlun með sjávarafurðir aðallega, svo og útgerðarstarfsemi. Stofnendur eru: Óskar Halldórsson, framkvæmdarstjóri, Skólavörðustíg 19, Reykjavík, Bjarni Matthíasson, verzlunarmaður, Skólavörðustíg 22, Reykjavík, Gísli Bjarnason, cand. jur., Bergþórugötu 21, Reykjavík, Jóhannes Jónsson, skipstjóri, Marargötu 3, Reykjavík, Björn Ólafsson, verzlunarmaður, Tjarnargötu 48, Reykjavík. Stjórnendur eru: Óskar Halldórsson, Bjarni Matthíasson, Björn Ólafsson, Jóhannes Jónsson. Framkvæmdarstjóri og prókúruhafi er Óskar Halldórsson. Firmað rita: Tveir úr stjórninni eða öll stjórnin, svo og prókúruhafi. Undirskriftum er þannig hagað:

Óskar Halldórsson h/f

Óskar Halldórsson. Bjarni Matthíasson.

Óskar Halldórsson h/f

Óskar Halldórsson. Björn Ólafsson.

Óskar Halldórsson h/f

Björn Ólafsson. Bjarni Matthíasson.

pr. pr. Óskar Halldórsson h/f

Óskar Halldórsson.

Hlutaféð er kr. 6000,00, sem skiptist í 100 kr. hluti. Hlutafjáröfnun er lokið og hlutaféð allt innborgað. Hlutabréf hljóða á nafn. Sérrettindi eru engin á hlutum og lausnarskylda engin. Stjórn félagsins hefir forkaupsrétt á þeim hlutabréfum, er félagsmenn vilja selja. Hluthafar hafa jafnmörg- atkv. eins og þeir eiga marga hluti í félaginu, þó getur enginn félagsmaður farið með meira en $\frac{1}{5}$ atkvæða. Fundi og aðrar tilkynningar skal boða hlut- höfum með hæfilegum fyrirvara. Útibú eru engin.

7. Það tilkynnist hérmeð, að herra verzlunarstjóri Carl Rosenkjær hefir frá og með deginum í dag prókúru fyrir h. f. „Freyr“. Jafnframt afturkallist prókúra sú er Theodor Jónsson hafði á sinum tíma.

Vestmannaeyjum, 4. apríl 1932.

P. V. G. Kólka. Kristján Egilsson. Kjartan Guðmundsson.

- 166 8. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Vestmannaeyja, að þann 25. nóvember 1932 var stofnað samlagsfélagið Kaupfélag Eyjabúa. Heimili félagsins og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Tilgangur félagsins er: 1. Að reka verzlun með ýmsar vörur í Vestmannaeyjum. 2. Að efla vöruvöndun og koma innlendum vörum í sem hæst verð. 3. Að sporna við skuldaverzlun og óreiðu í viðskiptum. 4. Að safna í sjóði fé til tryggingar fyrir framtíð félagsins. Í stjórn félagsins eru: Stefán Árnason, lögregluþjónn, formaður, Simon Guðmundsson, útgerðarmaður, Páll Eyjólfsson, fiskimatsmaður, Guðjón Jónsson, trésmiður, og Óskar Sigurhansson, vélsmiður, allir til heimilis í Vestmannaeyjum. Firmað rita stjórnarformaður og einhver einn meðstjórnenda og rita þeir firmað þannig:

Kaupfélag Eyjabúa

Stefán Árnason. Símon Guðmundsson.

eða

Kaupfélag Eyjabúa

Stefán Árnason. Páll Eyjólfsson.

eða

Kaupfélag Eyjabúa

Stefán Árnason. Guðjón Jónsson.

eða

Stefán Árnason. Óskar Sigurhansson.

Prókúru fyrir firmað hefir Sigurður Scheving, verzlunarmaður, Vestmannaeyjum, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Kaupfélag Eyjabúa

Sig. S. Scheving.

Tillög hvers félagsmanns til félagsins er kr. 25,00 í stofnsjóð og kr. 10,00 í varasjóð. Hver félagsmaður er persónulega ábyrgur fyrir allt að kr. 100,00 vegna fjárhagslegra skuldbindinga félagsins. Önnur persónuleg ábyrgð er engin. Fundarboð til félagsmanna skulu vera skrifleg.

Vestmannaeyjum, 28. nóv. 1932.

Stefán Árnason. Guðjón Jónsson. Páll Eyjólfsson.

Óskar Sigurhansson. Símon Guðmundsson.

9. „Liffransamlag Vestmannaeyja“ vinnur lýsi og mjöl úr fisklifur, sem samlagsmenn fá samlaginu til vinnslu og annast sölu á þeim afurðum. Heimili félagsins og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Samþykktir félagsins eru dagsettar 7. desbr. 1932. Samlagsmenn ábyrgjast skuldir samlagsins með hlutum sínum í sjóðum félagsins og auk þess árlega með þrem aukum af hverju kíló lýsis, annars en svo nefnds skilvindulýsis, sem fæst úr lifur frá þeim og þeir hafa lagt inn hjá samlaginu til vinnslu. Í sameignarsjóð og séreignarsjóð skal leggja allt nettóandvirði skilvindulýsis samlagsins og nettóandvirði mjöls og enn fremur 1% af nettóandvirði annars lýsis sam-

lagsins, á meðan verið er að greiða væntanleg lán, sem samlagið fær til húsa-, véla- og verkfæra-kaupa, en eftir það skal tillag til sjóða þessara ákveðið með fundarsamþykkt, en má þó aldrei vera lægra en 2 aurar af nettóandvirði af hverju kílóí lýsis og 5% af andvirði mjöls, nema samþykkt sé með $\frac{2}{3}$ atkvæðamagns félagsins. $\frac{1}{4}$ hluti framangreindra gjalda rennur í sameignarsjóð félagsins og $\frac{3}{4}$ hlutar í séreignarsjóð. Í stjórn félagsins eru: Jóhann Þ. Jósefsson, alþingismaður, Fagurlyst, Ólafur Auðunsson, kaupmaður, Þinghól, og Hjálmar Konráðsson, kaupfélagsstjóri, Miðstræti 4, allir í Vestmannaeyjum. Undirskrift einhverra tveggja úr stjórn félagsins þarf til þess að skuldbinda félagið. Stjórnin ritar firmað þannig:

Lifrarsamlag Vestmannaeyja

Jóhann J. Jósefsson. Ólafur Auðunsson. Hjálmar Konráðsson.

eða

Lifrarsamlag Vestmannaeyja

Jóhann Þ. Jósefsson. Ólafur Auðunsson.

eða

Lifrarsamlag Vestmannaeyja

Jóhann Þ. Jósefsson. Hjálmar Konráðsson.

eða

Lifrarsamlag Vestmannaeyja

Ólafur Auðunsson. Hjálmar Konráðsson.

Enginn sérstakur framkvæmdarstjóri hefir verið ráðinn fyrir félagið og prókúra er engin. Aðalfundi skal boða skriflega með viku fyrirvara.

Vestmannaeyjum, 8. desbr. 1932.

Lifrarsamlag Vestmannaeyja

Jóhann Þ. Jósefsson. Ólafur Auðunsson. Hjálmar Konráðsson.

XIII. Árnessýsla.

1. Skilanevnd Kaupfélags Grímsnesinga tilkynnir, að það hafi falið Eiriki Þorsteinssyni prókúruumboð.

Hann ritar:

pr. pr. Kaupfélag Grímsnesinga
Eiríkur Þorsteinsson.

2. Kaupfélag Árnesinga tilkynnir, að úr stjórn þess sé genginn Þorvaldur Ólafsson, en í stað hans kosinn Guðm. Þorvarðarson í Sandvík. Stjórnin ritar:

Kaupfélag Árnesinga
Ágúst Helgason. Gísli Jónsson. Guðm. Þorvarðarson.